

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um eptir- 24**  
**gjöf á leigum af hallærisláni.** — Í tilefni af bónarbrjefi því, frá sýslumanninum í 26. febr.  
 Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, er jeg meðtók með  
 þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 13. nóv. f. á. og að þar til fengnum  
 myndugleika frá ráðgjafanum, veiti jeg hjermeð nefndri sýslu samkvæmt 4. gr. fjárlag-  
 anna eptirgjöf á leigum til ársloka 1885 af 5000 kr., er eptir standa af láni, er sýsla  
 þessi fjekk úr landssjóði 1882 til að afstýra hallæri, móti því að frá þeim tíma greiðist  
 af upphæð þessari 4% í ársvöxtu og að hún síðan verði endurborguð með  $\frac{1}{3}$  á ári hverju.  
 Þetta undanfelli jeg eigi að tilkynna yður hjermeð, herra amtmaður, til birtingar  
 fyrir sýslunefndinni í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

**Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um flutning Kirkjubólskirkju 25**  
**að Nauteyri.** — Samkvæmt tillögu yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. 28. febr.  
 6. p. m. og ályktun hjeradsfundarins í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi veiti jeg hjermeð  
 samkvæmt 4. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, samþykki mitt til þess, að  
 kirkjan á Kirkjubóli á Langadalsströnd verði flutt að Nauteyri.

Þetta undanfelli jeg eigi að tilkynna yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar  
 og frekari ráðstöfunar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um þókn- 26**  
**un til Þjóðjarðalandseta fyrir að bæta skemmdir á ábylisjörðum þeirra.** — Í 2 bón- 3. marz.  
 arbrjefum, er sýslumaðurinn í Vestmannaeyjasýslu hefir sent hingað beina leið og mælt  
 fram með, hafa leigulíðarnir á Þjóðjörðunum Eystri-Gjábakka og Miðhúsum á Vest-  
 mannaeyjum, Jón Guðmundsson og Vigfús Einarsson sótt um styrk úr landssjóði til  
 endurbóta á skeimmdum, er ábylisjarðir þeirra hafa orðið fyrir af sjáfarágangi 6. febr.  
 1883, en endurbætur þessar áttu samkvæmt skoðunargjörð, er fylgdi bónarbrjefunum, að  
 vera fólgnað í því, hvað hina fyrnefndu jörð snertir, að flytja 50 faðma langan grjótt-  
 garð, sem sjórinn hafði fellt af 30 faðma, 15 faðma frá sjónum inn að túninu, og álitu  
 skoðunarmennirnir að það mundi kosta að minnsta kosti 50 kr., og ennfremur í því að  
 hreinsa 350 □ faðma af Gjábakkatúninu fyrir grjóti og sandi sem á það hafði borizt,  
 og að því er snertir hina síðarnefndu jörð, átti endurbótin að vera falin í hreinsun á  
 140 □ föðmum af túninu fyrir grjóti og sandi.

Í tilefni af þessu vil jeg þjónustusamlega tjá yður, herra amtmaður, til þóknan-  
 legrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg fellst á, að ábúandanum á Eystri-Gjábakka, Jóni  
 Guðmundssyni, verði sem þóknun fyrir endurbætur þær á ábúðarjörð hans, sem að  
 framan eru nefndar, þegar hann hefur fært sönnur á, að þær sjeu viðunanlega af hendi  
 leystar, veitt eptirgjöf á hálfri landskuldinni eptir jörðina í 2 ár, en öll landskuldin er  
 c. 124 álnir, og ábúandanum á Miðhúsum, Vigfúsi Einarssyni fyrir ofanefnda  
 hreinsun á Miðhúsatúninu, með sama skilyrði veitt í eitt skipti fyrir öll linun í eptir-  
 gjaldi eptir ábúðarjörð sína, er nemi 10 krónum.

**Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um úthlutun á styrk til 27**  
**prestaekkna og barna.** — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu 6. marz.  
 brjefi dags. 18. f. m. vil jeg hjermeð samþykkja, að þeim 2500 kr., sem fyrir árið 1885  
 eru veittar til prestaekkna og barna í 13. gr. A. b. 6 í fjárlögunum fyrir árin 1884 og  
 1885, verði skipt milli neðanefndra prestaekkna á þann hátt, að hver þeirra hljóti þá  
 upphæð sem nú skal greina:

27  
6. marz.

|   |        |
|---|--------|
| 1. Kristín Gunnarsdóttir frá Desjarmýri . . . . .         | 60 kr. |
| 2. Oddný Fr. Pálsdóttir frá Kálfafellsstað . . . . .      | 40 —   |
| 3. Guðlaug Guttormsdóttir frá Skeggjastöðum . . . . .     | 30 —   |
| 4. Helga Guðmundsdóttir frá Eydölum . . . . .             | 40 —   |
| 5. Þorbjörg Jónsdóttir frá Kolfreyjustað . . . . .        | 50 —   |
| 6. Björg Magnúsdóttir frá Dvergasteini . . . . .          | 40 —   |
| 7. Guðrún Þorvaldsdóttir frá Reynivöllum . . . . .        | 50 —   |
| 8. Solveig Einarsdóttir frá Holti . . . . .               | 30 —   |
| 9. Halla Ingvarsdóttir frá Torfastöðum . . . . .          | 60 —   |
| 10. Ingibjörg Thorarensen frá Stokkseyri . . . . .        | 30 —   |
| 11. Steinunn Melstað frá Klausturhólum . . . . .          | 30 —   |
| 12. Helga Pálsdóttir frá Reynivöllum . . . . .            | 40 —   |
| 13. Helga Magnúsdóttir frá Glæsibæ . . . . .              | 60 —   |
| 14. Margrjet Narfadóttir frá Glæsibæ . . . . .            | 80 —   |
| 15. Elín Scheving frá Vogsósum . . . . .                  | 50 —   |
| 16. Vilhelmina Steinsen frá Árnesi . . . . .              | 90 —   |
| 17. Sigríður Magnúsdóttir frá Viðvík . . . . .            | 60 —   |
| 18. Guðlaug Eiríksdóttir frá Reynivöllum . . . . .        | 30 —   |
| 19. Halldóra Jónasdóttir frá Hvammi . . . . .             | 80 —   |
| 20. Kristín Jónsdóttir frá Hvammi . . . . .               | 30 —   |
| 21. Halldóra Jónsdóttir úr Nespingum . . . . .            | 50 —   |
| 22. Guðrún Þjetursdóttir frá Arnarbæli . . . . .          | 40 —   |
| 23. Margrjet Hjálmarsen frá Hítardal . . . . .            | 30 —   |
| 24. Margrjet Magnúsdóttir frá Stórholti . . . . .         | 40 —   |
| 25. Margrjet Magnúsdóttir frá Hvammi . . . . .            | 40 —   |
| 26. Helga Árnadóttir á Ísafirði . . . . .                 | 40 —   |
| 27. Elín Einarsdóttir frá Steinnesi . . . . .             | 60 —   |
| 28. Guðrún Ólafsdóttir frá Otrardal . . . . .             | 40 —   |
| 29. Valgerður Benjamínsdóttir frá Gufudal . . . . .       | 50 —   |
| 30. Sigríður Ingimundardóttir frá Otrardal . . . . .      | 50 —   |
| 31. Helga Arnfinnsdóttir frá Breiðabólstað . . . . .      | 50 —   |
| 32. Sigríður Oddsdóttir úr Dýrafjarðarþingum . . . . .    | 50 —   |
| 33. Eggþóra Eggertsdóttir úr Flatey . . . . .             | 40 —   |
| 34. Anna Guðmundsdóttir frá Helgafelli . . . . .          | 50 —   |
| 35. Guðrún Ólafsdóttir frá Melstað . . . . .              | 90 —   |
| 36. Guðrún Ólafsdóttir frá Árnesi . . . . .               | 50 —   |
| 37. Elísabet Jónsdóttir frá Melstað . . . . .             | 50 —   |
| 38. Guðrún Finnbogadóttir frá Melstað . . . . .           | 60 —   |
| 39. Sigurbjörg Jónsdóttir frá Undirfelli . . . . .        | 50 —   |
| 40. Sigríður Björnsdóttir frá Undirfelli . . . . .        | 60 —   |
| 41. Maren Nielsdóttir frá Höskuldsstöðum . . . . .        | 60 —   |
| 42. Steinunn Jónsdóttir frá Höskuldsstöðum . . . . .      | 60 —   |
| 43. Guðrún Thorlacius frá Reynistaðarklaustri . . . . .   | 40 —   |
| 44. Þóra Sigurðardóttir frá Miklabæ . . . . .             | 30 —   |
| 45. Ketrín Norðmann frá Barði . . . . .                   | 30 —   |
| 46. Valgerður Þorsteinsdóttir frá Lundarbrekku . . . . .  | 20 —   |
| 47. Kristjana Pálsdóttir frá Möðruvallaklaustri . . . . . | 30 —   |
| 48. Anna M. Bech frá Þingvöllum . . . . .                 | 50 —   |
| 49. Sigríður Stefánsdóttir frá Saurbæ . . . . .           | 50 —   |
| 50. Kristín Tómasdóttir frá Saurbæ . . . . .              | 50 —   |
| 51. Guðrún Jónasdóttir frá Höfða . . . . .                | 50 —   |
| 52. Sigríður Þorbergsdóttir frá Húsavík . . . . .         | 30 —   |
| 53. Guðrún Brynjúlfson í Kaupmannahöfn . . . . .          | 30 —   |

Samtals 2500 kr.

Jafnframt því að tjá yður þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, get jeg þess, að jeg í dag hefi ritað landfógetanum um útborgun fjár þessa.